

Verklagsregla um samskipti - jafnlaunakerfi

1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þessi verklagsregla tengist HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis Menntaskólans á Akureyri. Tilgangur verklagsreglunnar er að skilgreina samskipti og upplýsingamiðlun vegna jafnlaunakerfis Menntaskólans á Akureyri.

2 ÁBYRGÐ

Fjármálastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni og sér um að unnið sé eftir henni.

3 FRAMKVÆMD

Skólameistari ber ábyrgð á að koma upp, innleiða og viðhalda reglum um samskipti og upplýsingamiðlun um jafnlaunakerfi Menntaskólans á Akureyri. Halda skal skrá yfir móttöku, skjalfestingu og viðbrögð við erindum hagsmunaaðila vegna jafnlaunakerfisins og skrá yfir ábendingar eða kvartanir um jafnlaunakerfið. Samskipti sem tengjast launaákvörðunum eru skilgreind í VR-0022 Verklagsregla um ákvörðun launa og umbunar, jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreiningu.

Eftirfarandi yfirlit sýnir þá hagsmunaaðila sem skilgreindir eru í jafnlaunakerfinu og þau samskipti / upplýsingamiðlun sem skipulagsheildin viðheldur gagnvart þeim.

Hagsmunaaðili	Eðli	Getur haft áhrif á launaákvörðun?	Nánar	Samskipti	Ábyrgðaraðili	Fyrirkomulag
Starfsmenn	Innri	Nei	Allir starfsmenn, launþegar innan umfangs jafnlaunakerfisins sem falla ekki undir aðra hópa hagsmunaaðila	Kynning á stefnu	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins	Stefna aðgengileg á heimasíðu og/eða innri vef
				Kynning á niðurstöðum launagreiningar	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins	Niðurstaða í tölvupósti og/eða á starfsmannafundi. Sjá nánar í VR-0022 Verklagsregla um ákvörðun launa og umbunar, jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreiningu
				Móttaka erinda frá viðkomandi	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins	Fer í gegnum aðila launaneftdar. Komið á framfæri við ábyrgðarmann sem meðhöndlar samkvæmt VR-0025 Verklagsreglu um frábrigði, úrbætur og forvarnir

Verklagsregla um samskipti - jafnlaunakerfi

Hagsmunaaðili	Eðli	Getur haft áhrif á launaákvörðun?	Nánar	Samskipti	Ábyrgðaraðili	Fyrirkomulag
Stjórnendur sem bera ábyrgð á launaákvörðunum	Innri	Já	Þeir stjórnendur sem taka launaákvörðanir samkvæmt VR-0022 Verklagsreglu um ákvörðun launa og umbunar, jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreiningu	Breytingar á verklagi eða gögnum við launaákvörðun	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins	Endurbjálfun samkvæmt HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis, kafla 3: Þjálfun og hæfni
Stjórnendur sem koma mögulega að álitsgjöf við launaákvörðanir	Innri	Já	Þeir stjórnendur sem mögulega væri leitað til, til umsagnar við ákvörðun launa. Hafa ekki bein áhrif á launaákvörðun	Álitsgjöf við launaákvörðun.	Ábyrgðaraðili launaákvörðunar	Eftir þörfum
Hagsmunasamtök sem hafa lögvarða hagsmuni	Ytri	Nei	Launþegasamtök, sérsambönd sem gætu viljað koma athugasemdum á framfæri við skipulagsheildina	Móttaka erinda frá viðkomandi	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins	Fer eins og aðrar ábendingar og fyrirspurnir í gengum heimasíðu. Komið á framfæri við ábyrgðarmann sem meðhöndlar samkvæmt VR-0025 Verklagsreglu um frábrigði, úrbætur og forvarnir
Stofnanir sem hafa lögvarða hagsmuni	Ytri	Nei	Opinberar stofnanir sem gætu viljað koma athugasemdum á framfæri eða leiðbeinandi fyrir mælum við skipulags-heildina, t.d. Jafnréttisstofa, ráðuneyti og fleiri	Móttaka erinda frá viðkomandi	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins	Fer eins og aðrar ábendingar og fyrirspurnir í gengum heimasíðu. Komið á framfæri við ábyrgðarmann sem meðhöndlar samkvæmt VR-0025 Verklagsreglu um frábrigði, úrbætur og forvarnir
Vottunaraðili	Ytri	Nei	Fyrirtæki sem fengið er til að taka út jafnlaunakerfið og veita skriflega yfirlýsingu um virkni kerfisins	Skipulagning úttekta, utanumhald úrbóta og önnur nauðsynleg samskipti.	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins	Símleiðis og/eða með tölvu-póstum
Almenningur	Ytri	Nei	Allur almenningur	Kynning á stefnu	Ábyrgðaraðili jafnlaunakerfisins	Stefna aðgengileg á heimasíðu

Tiltekinn ábyrgðaraðili samskipta sér um framkvæmd og skjalfestingu vegna þeirra. Fyrirkomulagi er lýst í töflunni og vísað er í verklagsreglur þar sem það á við.

Í **Skipulag samskipta** má finna greiningu á því hvaða skjöl tengjast jafnlaunakerfinu, hvaða samskipti eiga sér stað vegna þeirra og hver sé ábyrgðaraðili viðkomandi skjala og samskipta tengda þeim skjölum.

Verklagsregla um samskipti - jafnlaunakerfi

4 TILVÍSANIR

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:

4.4.3 Samskipti

4.5.4 Stýring skráa

Skjöl og skrár sem tengjast þessum kafla og vistuð á sharepoint svæði stjórnenda:

Skipulag samskipta

Skjöl í gæðahandbók:

HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis

SS-0008 Jafnlaunastefna Menntaskólans á Akureyri

VR-0022 Verklagsregla um ákvörðun launa og umbunar, jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreiningu

VR-0025 Verklagsregla um Frábrigði, úrbætur og forvarnir - jafnlaunakerfi

5 BREYTINGAR